Ársreikningur

# Mímir-símenntun ehf.

2023

Kt. 701202-3920

0000  Reykjavík

# Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er fræðslustarfsemi á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar auk kennslu í íslensku sem öðru máli.

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarafgangur félagsins rúmum 28,6 millj.kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok árs var jákvætt um 92,1 millj.kr. en var um 63,6 millj.kr. í byrjun árs. Stjórn félagsins leggur til að rekstrarafgangi ársins verði ráðstafað eins og stofnskrá félagsins mælir fyrir um. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá félaginu voru 18,8 og launagreiðslur félagsins námu um 182,9 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 19,4 og launagreiðslur félagsins námu um 176 millj.kr. á árinu 2022.

Hluthafi hjá félaginu var einn í lok árs sem og í upphafi árs.

| | | |
|---|---|---|
| Alþýðusamband Íslands ...................................................................... | 16.034.301 | 100,0% |
| | 16.034.301 | |

Stjórn félagsins Mímir-símenntun ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. apríl 2024

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa félagsins Mímir-símenntun ehf.

**Álit**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning félagsins Mímir-símenntun ehf. fyrir árið 2023 (hér eftir félagið). Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

**Aðrar upplýsingar**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

**Theodór S. Sigurbergsson**
**löggiltur endurskoðandi**
fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 24. apríl 2024

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 2 | | |
| Rekstrarsamningar | | 54.600.000 | 50.400.000 |
| Námskeiðahald | | 412.164.748 | 381.257.965 |
| Verkefnatekjur | | 88.400.723 | 76.070.620 |
| Aðrar tekjur | | 844.835 | 1.310.937 |
| | | 556.010.306 | 509.039.522 |
| **Rekstrargjöld** | 2 | | |
| Kostnaður við námskeiðahald og verkefni | | ( 183.894.065) | ( 176.373.498) |
| Laun og tengd gjöld | 3 | ( 232.262.161) | ( 220.239.937) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 117.903.143) | ( 110.567.146) |
| | | ( 534.059.369) | ( 507.180.581) |
| **Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði** | | 21.950.937 | 1.858.941 |
| **Fjármagnsliðir** | 2, 4 | | |
| Fjármunatekjur | | 8.969.110 | 3.998.840 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 2.362.663) | ( 515.402) |
| | | 6.606.447 | 3.483.438 |
| **Rekstrarafgangur ársins** | | 28.557.384 | 5.342.379 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| **Eignir** | **Skýr.** | **2023** | **2022** |
|---|---|---|---|
| Langtímakröfur | | 23.093.314 | 22.877.876 |
| **Fastafjármunir** | | 23.093.314 | 22.877.876 |
| Viðskiptakröfur | 5 | 14.152.223 | 12.738.943 |
| Útistandandi kröfur vegna verkefna | | 36.542.035 | 27.709.935 |
| Aðrar kröfur | 5 | 349.800 | 349.800 |
| Handbært fé | 2 | 82.110.306 | 101.461.815 |
| **Veltufjármunir** | | 133.154.364 | 142.260.493 |
| **Eignir alls** | | 156.247.678 | 165.138.369 |

## Eigið fé og skuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hlutafé | | 16.034.301 | 16.034.301 |
| Lögbundinn varasjóður | | 2.897.290 | 1.310.533 |
| Óráðstafað eigið fé | | 73.178.285 | 46.207.658 |
| **Eigið fé** | 6 | 92.109.876 | 63.552.492 |
| Ólokin verk samkvæmt þjónustusamningum | | 24.089.403 | 46.554.987 |
| Viðskiptaskuldir | | 8.564.630 | 22.863.999 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 31.483.769 | 32.166.891 |
| **Skuldir alls** | 7 | 64.137.802 | 101.585.877 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | 156.247.678 | 165.138.369 |
| **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** | 9 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður af reglulegri starfsemi | | 28.557.384 | 5.342.379 |
| | | 28.557.384 | 5.342.379 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur; lækkun (hækkun) | | ( 10.245.380) | 35.290.149 |
| Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) | | ( 37.448.075) | ( 98.894.106) |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 47.693.455) | ( 63.603.957) |
| **Handbært fé (til) rekstrar** | | ( 19.136.071) | ( 58.261.578) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Langtímakröfur | | ( 215.438) | ( 1.569.908) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | ( 215.438) | ( 1.569.908) |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 19.351.509) | ( 59.831.486) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 101.461.815 | 161.293.301 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 82.110.306 | 101.461.815 |

# Skýringar

1. **Starfsemi**

Aðalstarfsemi félagsins er fræðslustarfsemi á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar auk kennslu í íslensku sem öðru máli og er félagið með aðalstarfsstöð í Reykjavík. Félagið er dótturfélag Alþýðusambands Íslands sem er með aðsetur að Guðrúnartúni 1, Reykjavík.

2. **Reikningsskilaaðferðir**

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins Mímir-símenntun ehf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok árs 2023. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

### Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Skattamál

Félagið er framtalsskylt en ekki tekjuskattsskylt og kemur því ekki til álagningar tekjuskatts.

### Langtímakröfur

Meðal langtímakrafna eru bundnar innistæður á bankareikningum til tryggingar á leigusamningi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

### Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Laun | 182.864.606 | 176.030.179 |
| Lífeyrissjóðsgjöld | 25.733.978 | 22.739.401 |
| Önnur launatengd gjöld | 23.332.062 | 21.917.858 |
| Annar starfsmannakostnaður | 2.832.098 | 2.646.249 |
| Laun og launatengd gjöld vegna námskeiða | ( 2.500.583) | ( 3.093.750) |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 232.262.161 | 220.239.937 |
| | | |
| Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf | 18,8 | 19,4 |

## 4. Fjármagnsliðir

| Fjármunatekjur greinast þannig: | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 8.969.110 | 3.998.840 |
| | 8.969.110 | 3.998.840 |

| Fjármunagjöld greinast þannig: | | |
|---|---|---|
| Dráttarvextir | 0 | 170 |
| Fjármagnstekjuskattur greiddur | 1.972.881 | 879.744 |
| Gengismunur | 389.782 | ( 364.512) |
| | 2.362.663 | 515.402 |

## 5. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

| Viðskiptakröfur | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Viðskiptamenn | 11.531.351 | 9.788.138 |
| Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna | ( 500.000) | ( 500.000) |
| Greiðslukort | 3.120.872 | 3.450.805 |
| | 14.152.223 | 12.738.943 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | | |
|---|---|---|
| Ýmsar skammtímakröfur | 349.800 | 349.800 |
| | 349.800 | 349.800 |

## 6. Eigið fé

Hlutafé félagsins nam 16 millj.kr. í lok ársins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

| Yfirlit um eiginfjárreikninga: | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Flutt frá fyrra ári | 16.034.301 | 1.310.533 | 46.207.658 | 63.552.492 |
| Framlag í lögbundinn varasjóð | | 1.586.757 | ( 1.586.757) | 0 |
| Rekstrarafgangur ársins | | | 28.557.384 | 28.557.384 |
| Eigið fé samtals 31.12. 2023 | 16.034.301 | 2.897.290 | 73.178.285 | 92.109.876 |

## 7. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

| Viðskiptaskuldir | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Lánardrottnar | 8.564.630 | 22.863.999 |
| | 8.564.630 | 22.863.999 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Ógr. launatengd gjöld | 10.301.287 | 9.430.747 |
| Áunnið orlof | 17.309.289 | 15.926.823 |
| Fyrirfram. gr. tekjur | 3.128.500 | 6.014.500 |
| Aðrar skuldir | 744.693 | 794.821 |
| | 31.483.769 | 32.166.891 |

**Ólokin verk samkvæmt þjónustusamningum**

| | | |
|---|---|---|
| Ýmsir samningar | 11.088.948 | 29.738.187 |
| FA - Raunfærnimat | 6.900.455 | 9.071.800 |
| FA - Þróunarverkefni | 6.100.000 | 7.745.000 |
| | 24.089.403 | 46.554.987 |

8. **Viðskipti við tengda aðila:**

Viðskipti við tengd félög árið 2023:

| | Seld þjónusta, leiga og vörur | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|---|
| Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ................................................... | 234.285.855 | 5.760.000 | 13.000.455 |
| | 234.285.855 | 5.760.000 | 13.000.455 |

9. **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar**

Félagið er í ábyrgð fyrir húsaleigusamningi gagnvart félaginu Reitum hf., upphaflega að fjárhæð 17,6 millj.kr.